



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 20.10.2014
Tilvísun: 201410-0014

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 30/2004, um váttryggingasamninga, 120. mál.

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarp þetta og styður samþykkt þessa. ASÍ vill jafnframt vekja athygli á því að í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sem undirritaður voru þann 5. maí 2011, ákváðu ASÍ og SA með sérstakri bókun að óska eftir breytingu á lögum 30/2004 þannig að engum vafa yrði undirorpið að tilkynning vinnuveitanda um váttryggingaratburð jafngildi skyldum váttryggðs í skilningi laganna.

Bókunin er svohljóðandi:

Bókun um tilkynningu vinnuslysa

ASÍ og SA munu sameiginlega óska eftir breytingu á lögum nr. 30/2004 um váttryggingasamninga þess efnis að tilkynning vinnuveitanda um váttryggingaratburð jafngildi skyldum váttryggðs í því efni skv. 51.gr. laganna hafi hann ekki tilkynnt um atburðinn.

Settur var á fót sérstakur vinnuhópur samtakanna. Í vinnu hans kom í ljós að samkvæmt túlkun úrskurðarnefndar í váttryggingamálum hefur 124. gr. laganna verið túlkuð þannig að tilkynning lögreglu um váttryggingaratburð sem borist hefur váttryggingarfélagi jafngildi kröfu í skilningi ákvæðisins. Ákvæðið er þó ekki skýrt hvað þetta varðar. Þeirri breytingu sem lögð er til er ætlað að endurspeglar þá framkvæmd sem viðhöfð er auk þess sem komið er með henni til móts við óskir aðila vinnumarkaðarins í þessu efni.

Sú breyting sem aðilar urðu ásáttir um er eftirfarandi:

Í 1.mgr. 124.gr. laganna, á eftir orðunum

“ Sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins
bætist nýr málslíður, svohljóðandi: „eða því borist tilkynning um váttryggingaratburð með öðrum hætti“

Alþýðusamband Íslands

Sætúni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is



1.mgr. hljóði svo eftir breytingar:

Sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins **eða því borist tilkynning um vátryggingaratburð með öðrum hætti** innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

Það er einlæg von ASÍ að Efnahags- og viðskiptanefnd sjái sér fært að hrinda í framkvæmd ofangreindri bókun aðila vinnumarkaðarins.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2014

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga, með síðari breytingum (hreyfanleiki viðskiptavina). Þingskjal 122 — 120. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, með síðari breytingum.

BSRB gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og styður samþykkt þess. Jafnframt styður BSRB tillögu Alþýðusambands Íslands um breytingu á l. mgr. 124. gr. laganna með vísan til umsagnar dags. 20. 10 sl. sem er svohljóðandi:

„Sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysátryggingu, sjúkrátryggingu eða heilsuátryggingu með eða án uppsagnarréttar glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins *eða því borist tilkynning um vátryggingaratburð með öðrum hætti* innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.“

Fyrir hönd BSRB


Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

Alþingi
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

4. nóvember 2014
Tilvísun: 2014100020

**Efni: Umsögn um frumvarp til breytingar á lögum nr. 30/2004 um
vátryggingarsamninga, með síðari breytingum (hreyfanleiki viðskiptavina), 120. mál.**

Með tölvupósti hinn 10. október sl. bauð Alþingi Fjármálaeftirlitinu að koma á framfæri umsögn um frumvarp til breytingar á lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Í frumvarpinu er kveðið á um breytingu sem felur það í sér að vátryggingartaki geti sagt upp vátryggingarsamningi sem endurnýjast sjálfkrafa ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna, fyrir hendi eru sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn eða til að flytja vátrygginguna til annars félags.

Svo sem fram kemur í skýringum með frumvarpinu er möguleikinn á því að segja upp vátryggingarsamningi á vátryggingartímabilinu til þess að flytja vátrygginguna til annars félags að fyrirmynd norskra laga um sama efni. Fjármálaeftirlitið telur það styrkja mál þetta að fyrirmyndin er úr norsku lögunum en þau lög voru höfð að fyrirmynd við samningu laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á að með því fyrirkomulagi sem kveðið er á um í frumvarpinu kann ákveðið óhagræði að skapast fyrir vátryggingafélög sem ganga út frá því við uppgjör að iðgjöld séu greidd til eins árs í senn. Slíkt óhagræði ætti þó að jafnast út að mestu ef nýir vátryggingartakar koma í stað þeirra sem færa sig til annars félags.

Samkvæmt framanrituðu gerir Fjármálaeftirlitið hvorki athugasemdir við framsetningu frumvarpsins né markmið þess og telur að það muni koma neytendum á vátryggingamarkaði til góða ásamt því að auka samkeppni á vátryggingamarkaði.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Rúnar Guðmundsson



Valdimar Gunnar Hjartarson

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10.
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. október 2014

Athugasemdir við frumvarp til laga um váttryggingarsamninga (hreyfanleiki viðskiptavina), 120. mál.


Í ofangreindu frumvarpi er lagt til að viðskiptavinir váttryggingarfélaga geti eftirleiðis sagt váttryggingarsamningi upp með 30 daga fyrirvara hvenær sem er á samningstímabilinu í þeim tilgangi að flytja viðskipti sín til annars félags.

Neytendasamtökin hafa lengi hvatt til þess að neytendur leiti tilboða í váttryggingar sínar og flytji viðskipti sín þangað sem hagkvæmustu kjörin bjóðast. Í nágildandi lagaumhverfi er svigrúmið til þess að skipta um váttryggingarfélag hins vegar þröngt og miðast við endurnýjunartíma samnings. Samkvæmt reynslu samtakanna eru margir neytendur sem beinlínis missa af því tækifæri, og einnig virðist það ákveðin tímaskekkja að binda neytendur við samninga við ákveðna aðila í ár í senn.

Samtökin fagna því þeim tillögum sem fram koma í frumvarpinu, telja þær löngu tímabærar og til þess fallnar að auðvelda hreyfanleika og auka samkeppni á markaði.

Neytendasamtökin styðja því ofangreint frumvarp og hvetja til samþykktar þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna,


Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA


Reykjavík, 27.10.2014
Tilv. 2014/0783 - 0.0.01
MS

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/2004, um váttryggingasamninga, 120. mál.

Vísað er til tölvubréfs nefndarsviðs Alþingis, dags. 10. október 2014, þar sem Neytendastofu var sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingasamninga vegna hreyfanleika viðskiptavina.

Neytendastofa fagnar því að frumvarpið hafi verið lagt fram og telur fela í sér mikla réttarbót fyrir neytendur verði það að lögum. Neytendastofu berast reglulega fyrirspurnir og kvartanir frá neytendum vegna binditíma váttryggingasamninga þar sem neytendur eru ósáttir við að geta ekki flutt viðskipti sín til annars félags áður en ársbinditími er liðinn nema í undantekningartilvikum.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Tryggvi Axelsson
Forstjóri


Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. október 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingasamninga, 120. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp þar sem lagðar eru til breytingar á lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga sem hafa það að markmiði að auka hreyfanleika viðskiptavina milli váttryggingarfélaga.

SA er fylgjandi öllum breytingum á löggjöf sem eru til þess fallnar að stuðla að aukinni samkeppni og fagnar því umræddu frumvarpi. Samtökin gera þó smávægilegar athugasemdir við einstök atriði í 1. gr. frumvarpsins þar sem lagðar eru til breytingar á 14. gr. laganna.

Í 1. mgr. er lagt til að váttryggingartaki geti á váttryggingartíma sagt upp váttryggingarsamningi sem endurnýjast sjálfkrafa ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna, fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn eða til að flytja váttrygginguna til annars félags. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að markmið breytingarinnar sé m.a. að hverfa frá eldra ákvæði um að til staðar þyrftu að vera sérstakar réttlætingarástæður til að hægt væri segja upp váttryggingarsamningum á gildistíma þeirra. Í takt við anda breytinganna telja samtökin því eðlilegt að horfið verði alfarið frá matskenndu orðalagi um *sérstaðar aðstæður sem réttlæta uppsögn* og að váttryggingataka verði heimilt að segja upp váttryggingu telji hann sig ekki lengur hafa þörf fyrir hana eða ef hann kys að flytja hana til annars félags.

Í 1. málsl. 2. mgr. er lagt til að uppsagnarfrestur váttryggingasamninga skuli vera 30 dagar frá næstu mánaðamótum eftir að uppsögn fer fram. Fá samtökin ekki séð afhverju nauðsynlegt þyki að binda slíka uppsögn við mánaðamót. Ólíkt því sem á við um t.d. húsaleigusamninga og vinnusambönd þá eru slíkir samningar eða greiðslur á grundvelli þeirra almennt ekki sérstaklega bundnar við mánaðarmót heldur fer uppgjör oftast fram fyrirfram á ársgrundvelli. Fæst því ekki séð af hverju uppsagnarfrestur eigi að vera mislangur eftir því hvort váttryggingu er sagt upp á fyrri eða seinni hluta mánaðar og er því lagt til að 30 daga uppsagnarfrestur gildi óháð mánaðamótum.

Í 2. málsl. 2. mgr. kemur fram að váttryggingartaki skuli upplýsa um til hvaða váttryggingafélags sé flutt og frá hvaða tíma. Þar sem gert er ráð fyrir að váttryggingataki geti í einhverjum tilfellum sagt upp váttryggingu án þess að hún sé flutt til annars váttryggingafélags er rétt að orðalag lagaákvæðisins endurspegli þá staðreynd og tekið verði fram að einungis sé gert ráð fyrir slíkri upplýsingagjöf þegar það á við.

Að öðru leyti lýsa samtökin sig alfarið fylgjandi tillögðum breytingum.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Borghildur Halldórsdóttir

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd

Reykjavík, 27. október 2014

Varðar: 120. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, með síðari breytingum (hreyfanleiki viðskiptavina).

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga þar sem fjallað eru um hreyfanleika viðskiptavina. SFF styðja tillögur sem eru til þess fallnar að auka neytendavernd og samkeppni á váttryggingamarkaði og gera ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á reglum um hreyfanleika viðskiptavina. Mikilvægt er að við breytingar sem þessar sé vandað vel til verka og tryggt að framkvæmd geti gengið vel fyrir sig. Eftirfarandi eru athugasemdir sem snúa að því að framkvæmd gangi sem best. Breytingartillögur eru ýmis yfir eða undirstrikaðar.

Endurnýjun trygginga

Í núgildandi 1. mgr. 14. gr. laga um váttryggingarsamninga er fjallað um endurnýjun váttryggingarsamninga og rétt váttryggingartaka til að segja upp samningi við endurnýjun. Meginreglan er sú að váttryggingarsamningur, sem gerður er til ákveðins tíma, framlengist. 1. mgr. 14. gr. núgildandi laga felur í sér að váttryggingartaki getur komið í veg fyrir að samningurinn framlengist, með því að segja upp samningnum. Samkvæmt ákvæðinu getur váttryggingartaki sagt upp váttryggingarsamningi þegar komið er að endurnýjun hans og verður hann þá að tilkynna félaginu um það innan mánaðar frá því það sendi venjulega tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils. Honum er þó ekki skylt að tilkynna félaginu um uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins. Af því leiðir að ef félagið sendir tilkynningu með lengri fyrirvara en sex vikum getur váttryggingartakinn haft lengri frest en þann sem tilgreindur er í 1. málsl. 1 mgr. 14. gr. núgildandi laga.

Samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi þá mun 1. mgr. 14. gr. laganna falla út. Það mun hafa í för með sér að nýtt ákvæði um 30 daga uppsagnarfrest mun gilda um uppsögn samnings við endurnýjun. Það er mat SFF að reglan um 30 daga fyrirvara sé meira íþyngjandi fyrir váttryggingartaka en núgildandi ákvæði. Við endurnýjun váttryggingarsamnings geta komið til breytingar á skilmálum og iðgjöldum og er þá eðlilegt að rýmri reglur gildi um uppsögn samningsins við þessar aðstæður. Þá er þess einnig að gæta að með 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er við það miðað að váttryggingartaki geti einungis sagt váttryggingu upp að fyrir hendi sé a.m.k. eitt nánar tilgreindra skilyrða, þ.e. í fyrsta lagi að hann hafi ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna, í öðru lagi að aðrar sérstakar aðstæður réttlæti uppsögn eða í þriðja lagi í því skyni að flytja váttrygginguna til annars félags. M.ö.o. váttryggingartaka verður ekki gert kleift að segja upp váttryggingu ef ekkert framangreindra skilyrða telst vera fyrir hendi. Slík aðstaða er ótæk. Því hefur 1. mgr. 14. gr. í gildandi lögum mikla þýðingu svo váttryggingartaki eigi þess kost, eins og verið hefur um árábil, að geta sagt váttryggingu upp við endurnýjun án þess að

þurfa að tilgreina ástæðu uppsagnarinnar. SFF leggja til að 1. mgr. 14. gr. núgildandi laga verði ekki felld úr lögnum, og verði bætt við til viðbótar við tillögu frumvarpsins að 14. gr.

2. mgr. 1. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins skal váttryggingartaki tilkynna félaginu um uppsögn með 30 daga fyrirvara og miðast uppsögnin við næstu mánaðarmót. Mánuðir eru hins vegar mislangir og getur það því valdið óþarfa töfum og flækjum í framkvæmd að miða við 30 daga en ekki mánuð, og má nefna að í norsku lögnum um váttryggingarsamninga er miðað við mánuð en ekki 30 daga. Í norsku lögnum segir í ákvæði nr. 3.-6 : „ Forsikringstakeren skal varsle selskapet med en frist på minst en måned“ . SFF leggja til breytingu á 2. mgr. 1. gr. (sem verður með hliðsjón af áðurgreindri tillögu SFF 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins)og að miðað verði við mánuð en ekki 30 daga. Lögð er til eftirfarandi breyting:

Hyggist váttryggingartaki segja upp váttryggingu samkvæmt því sem greinir í 2. mgr. skal hann tilkynna félaginu um uppsögn með mánaðar 30-daga fyrirvara og miðast uppsögn við næstu mánaðarmót þar á eftir. Upplýsa skal til hvaða váttryggingafélags er flutt og frá hvaða tíma

Samkvæmt öllu framangreindum breytingartillögum mun 14. gr. laganna bá líta svona út :

Nú vill váttryggingartaki segja upp váttryggingarsamningi þegar komið er að endurnýjun hans og verður hann þá að tilkynna félaginu um það innan mánaðar frá því að það sendi venjulega tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils. Honum er þó ekki skylt að tilkynna félaginu um uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins.

Váttryggingartaki getur á váttryggingartíma sagt upp váttryggingarsamningi sem endurnýjast sjálfkrafa ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna, fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn eða til að flytja váttrygginguna til annars félags.

Hyggist váttryggingartaki segja váttryggingu upp samkvæmt því sem greinir í 2. mgr. skal hann tilkynna félaginu um uppsögn með mánaðar fyrirvara og miðast uppsögn við næstu mánaðarmót þar á eftir. Upplýsa skal til hvaða váttryggingafélags er flutt og frá hvaða tíma.

Sé um hóp váttryggingu að ræða er heimilt að víkja frá ákvæði 2. og 3. mgr. í váttryggingarsamningi.

75. gr. laga um váttryggingarsamninga

Í 75. gr. laga um váttryggingarsamninga er fjallað um heimild váttryggingartaka til að segja upp váttryggingarsamningi þegar kemur að persónutryggingum. Það er væntanlega vilji löggjafans að samskonar reglur gildi um uppsögn á váttryggingarsamningi þegar kemur að persónutryggingum eins og í skaðatryggingum. SFF leggja þá til breytingu á 3. mgr. 75. gr. laganna og að ný málsgrein komi inn í lagagreinina á eftir 3. mgr. Tilvísun í 1. og 3. mgr. sem er að finna í 4. mgr. (sem verður 5. mgr.) breytist og verður 1. til 4. mgr. 3. mgr. og hin nýja málsgrein munu að tillögu SFF hljóða svo:

Vátryggingartaki getur á vátryggingartíma sagt upp gildandi samningi um slysa- eða sjúkratryggingu ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna, ~~eða~~ fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn eða til að flytja vátrygginguna til annars félags.

Hyggist vátryggingartaki segja vátryggingu upp samkvæmt því sem greinir í 3. mgr. skal hann tilkynna félaginu um uppsögn með mánaðar fyrirvara og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Upplýsa skal til hvaða vátryggingafélags er flutt og frá hvaða tíma.

75. gr. laganna í heild verði þá svohljóðandi:

Vátryggingartaki getur, sé um líftryggingu að ræða, slitið samningnum hvenær sem er.

Nú vill vátryggingartaki segja upp samningi um slysa- eða sjúkratryggingu þegar vátryggingartímabili lýkur og verður hann þá að tilkynna félaginu um það innan mánaðar frá því það sendi venjulega tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils. Honum er þó ekki skylt að tilkynna félaginu um uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins.

Vátryggingartaki getur á vátryggingartíma sagt upp gildandi samningi um slysa- eða sjúkratryggingu ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna, fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn eða til að flytja vátrygginguna til annars félags.

Hyggist vátryggingartaki segja vátryggingu upp samkvæmt því sem greinir í 3. mgr. skal hann tilkynna félaginu um uppsögn með mánaðar fyrirvara og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Upplýsa skal til hvaða vátryggingafélags er flutt og frá hvaða tíma.

Sé um hópvátryggingu að ræða er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. til 4. mgr. í vátryggingarsamningi.

Heimild til að víkja frá ákvæðum laga um vátryggingarsamninga vegna atvinnurekstrar

SFF vilja vekja athygli á því að skv. 2. mgr. 3. gr. I. um vátryggingarsamninga er heimilt að víkja frá ákvæðum laganna þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og einhverju af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- a. umfang rekstraraðilans við gerð vátryggingarsamnings eða við endurnýjun hans samsvarar fleiri en fimm ársverkum,
- b. starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis,
- c. vátrygging er tekin vegna skráðs loftfars,
- d. vátryggðar eru vörur í flutningi á milli landa.

Samkvæmt framangreindu ákvæði þá er vátryggingafélögum heimilt að semja sig undan uppsagnarákvæði 14. gr. I. um vátryggingarsamninga séu skilyrði 2. mgr. 3. gr. laganna uppfyllt og fellur uppsögn vegna atvinnurekstrar því utan gildissviðs frumvarpsins.

Ekki er þó að finna umfjöllun um þetta í greinagerð með frumvarpinu og er það til þess fallið að valda misskilningi þegar lögin taka gildi. Þessi regla er sambærileg reglum í löggjöf annarra

Norðurlandabjóða. Það er óheppilegt að ekki sé að finna umfjöllun um þetta í greinagerð frumvarpsins þar sem mikilvægt er að ekki komi upp misskilningur varðandi það að 2. mgr. 3. gr. eigi áfram við um 14. gr. laganna eftir fyrirhugaðar breytingar. Að mati SFF er mikilvægt að skýrt komi fram við þinglega meðferð málsins, svo sem í nefndaráliti eða umræðum, að ákvæði 2. mgr. 3. gr. eigi áfram við um 14. gr. laganna eftir fyrirhugaðar breytingar.

3. gr. Gildistaka

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins mun það taka gildi 1. janúar 2015 og segir í athugasemdum við ákvæðið að dagsetningin sé miðuð við að váttryggingafélög hafi ráðrúm til þess að breyta verklagi og kerfum vegna frumvarpsins.

Áramót og upphaf á nýju ári er erfiður tími og mikið álag á starfsfólki váttryggingafélaganna á þeim tíma. Ýmislegt þarf að gera til að undirbúa breytinguna m.a. þarf að breyta verklagi og kerfum. Mikilvægt er að nægur tími sé gefinn til undirbúnings því leggja SFF til að frumvarpið muni taka gildi 1. júlí 2015 en ekki 1. janúar 2015 eins og segir í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja

Vigdís Halldórsdóttir, lögfræðingur

Skýrsla starfshóps um hreyfanleika viðskiptavina váttryggingafélaga.

Inngangur

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) tók á árinu 2009 til skoðunar hvort aðkoma íslenska ríkisins að endurreisn váttryggingafélagsins Sjóvár samrýmdist ríkisaðstoðarreglum EES-samningsins og var málið sett í formlega rannsókn í september 2010.

ESA sendi íslenska ríkinu fyrirspurn sem var svarað í maí 2013 og í kjölfar þess lýsti íslenska ríkið sig reiðubúið til að undirgangast tilteknar skuldbindingar gagnvart ESA ásamt því að lýsa yfir vilja til að stuðla að aukinni samkeppni á váttryggingamarkaði til mótvægis við áhrif endurreisnar félagsins á samkeppni.

Viljayfirlýsing íslenska ríkisins fól meðal annars í sér að íslenska ríkið myndi setja á fót sérfræðihóp til að endurskoða ákvæði laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, til að kanna hvort breytingar á lögunum, sem myndu auðvelda uppsagnir á váttryggingasamningum gætu aukið hreyfanleika viðskiptavina milli váttryggingafélaga. Sérstaklega skyldi í þessu sambandi horft til nýlegra breytinga á löggjöf Noregs um sambærileg ákvæði svo og ákvæða dönsku laganna um hreyfanleika. Yrði niðurstaða sérfræðihópsins sú að slíkar breytingar væru til hagsbóta fyrir váttryggingamarkaðinn myndi frumvarp þess efnis verða lagt fram fyrir lok árs 2014.

Eftirfarandi kemur fram í fylgiskjali við minnisblað um athugun ESA á endurreisn tryggingafélagsins Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

- *Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun setja á laggirnar sérfræðihóp sem skal taka til athugunar ákvæði laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, er varða hreyfanleika viðskiptavina. Sérstaklega verður höfð hliðsjón af nýlegum breytingum á norskum lögum um váttryggingarsamninga (lov om forsikrings-avtaler), sem lög nr. 30/2004 voru byggð á, og ákvæðum danskra laga um fjármálafyrirtæki (lov om finansiel virksomhed). Sérfræðihópurinn mun skila niðurstöðum sínum eigi síðar en 31. desember 2013 og skal kanna hugsanleg áhrif þess að breyta ákvæðum laganna sem tengjast uppsögn váttryggingarsamninga þegar viðskipti eru flutt milli váttryggingafélaga, m.t.t. þess að stuðla að hreyfanleika viðskiptavina og auka samkeppni á váttryggingamarkaði.*
- *Verði niðurstöður sérfræðihópsins á þá leið að slíkar breytingar væru til bóta fyrir íslenska váttryggingamarkaðinn skal hann leggja til við fjármála- og efnahagsráðherra tillögur til breytinga í formi frumvarpsdraga. Ráðuneytið lítur jákvæðum augum á hugsanlegar breytingar sem stuðlað geta að auknum hreyfanleika viðskiptavina á váttryggingamarkaðinum. Að fengnum tillögum sérfræðihópsins mun ráðherra leggja fyrir Alþingi frumvarp byggt á tillögum sérfræðihópsins á árinu 2014, nema sérstakar ástæður sé til annars.*

Starfshópur

Með bréfi dags. 14. janúar 2014, óskaði fjármála- og efnahagsráðherra eftir tilnefningu í starfshópinn frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Neytendastofu. Starfshópurinn var skipaður formlega í febrúar 2014 og í honum sátu Sóley Ragnarsdóttir, lögfræðingur, frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, formaður, Sigurður Óli Kolbeinsson, lögfræðingur, tilnefndur af Samtökum fjármálafyrirtækja og Þórunn Anna Árnadóttir, lögfræðingur, og Tryggvi Axelsson, lögfræðingur, til vara frá Neytendastofu.

Lög nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga.

Í III. kafla laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, er fjallað um váttryggingarsamninginn o.fl. 14. gr. laganna tilgreinir heimild váttryggingartaka til þess að segja upp váttryggingarsamningi og er ákvæðið svohljóðandi:

„Nú vill váttryggingartaki segja upp váttryggingarsamningi þegar komið er að endurnýjun hans og verður hann þá að tilkynna félaginu um það innan mánaðar frá því að það sendi venjulega tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils. Honum er þó ekki skylt að tilkynna félaginu um uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins.

Váttryggingartaki getur á váttryggingartíma sagt upp váttryggingarsamningi sem endurnýjast sjálfkrafa ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn.

Sé um hóp váttryggingu að ræða er heimilt að víkja frá ákvæði 2. mgr. í váttryggingarsamningi.“

Samkvæmt 2. mgr. endurnýjast váttryggingarsamningur því sjálfkrafa sé honum ekki sagt upp. Ákvæðið heimilar uppsögn ef váttryggingar er ekki lengur þörf eða ef fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður.

Í frumvarpi með lögnum kemur fram að fyrrnefnda tilvikið, þ.e. þegar váttryggingartaki hefur ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna, myndi einkum eiga við þegar hann hefur selt hina váttryggnu hagsmuni eða losað sig við þá með öðrum hætti. Síðarnefndu tilvikin, þ.e. að fyrir hendi séu önnur sérstök tilvik, verða að vera þess eðlis að þau réttlæti uppsögn. Það verða því að vera fyrir hendi málefnalegar ástæður fyrir uppsögninni sem fela það í sér að forsendur fyrir samningssambandinu við félagið séu brostnar. Í þessum tilvikum verður að leggja til grundvallar sanngirnismat og sönnunarbyrði fyrir því að sérstakar ástæður séu fyrir hendi sem réttlæti uppsögn hvíla á váttryggingartakanum.

Þá segir í frumvarpinu að í ljósi meginreglunnar um að samningar séu skuldbindandi þann tíma sem þeir eiga að gilda verði að gera nokkrar kröfur til þeirra ástæðna sem váttryggingartaki byggir uppsögn á. Það teljist t.d. ekki sérstakar ástæður í þessum skilningi þótt váttryggingartaki fyndi út að annað félag byði betri váttryggingarvernd eða sömu váttryggingarvernd fyrir lægra iðgjald.

Það er tiltekið í frumvarpinu að þau tilvik þar sem telja má sanngarnt að váttryggingartaki segi váttryggingunni upp verði að vera byggð á sanngirnismati um að að slíkt sé heimilt. Ef váttryggingartaka verður ljóst að váttryggingarvernd sú sem hann nýtur sé ófullnægjandi og honum verður einnig ljóst að hann geti fengið þá vernd sem hann þarf hjá öðru félagi geti verið að heimilt teldist að segja upp váttryggingunni. Við mat á því hvort sanngirnisskilyrði teljist fullnægð skiptir máli hvort váttryggingartaki gefi félagi því er veitti honum upphaflega váttryggingu kost á að breyta skilmálum í það horf sem hann telur sig hafa þörf fyrir. Beinum orðum er sagt í frumvarpinu að meginreglan sé ótvírætt sú að það réttlæti ekki uppsögn þótt váttryggingartaki hafi spurnir af betri kjörum, t.d. lægra iðgjaldi, annars staðar. Annað, sem réttlætt gæti uppsögn, er ef ágreiningsmál koma upp milli váttryggingartaka og félagsins vegna uppgjörs bóta eða þess háttar, þannig að eðlilegt sé að hann geti losnað úr viðskiptum við félagið.

Samkvæmt ofangreindu er því ljóst að það er engin heimild í lögum nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, til að segja upp váttryggingarsamningi á miðju samningstímabili eingöngu til að flytja váttryggingar til annars váttryggingafélags til dæmis vegna þess að betri kjör bjóðast.

Norsku lögin

Norsku lögin um váttryggingarsamninga eru nr. 69 frá 1989. Þau voru fyrirmynd gildandi laga nr. 30/2004. Með lögum nr. 29/2005 var lögunum breytt og inn kom ákvæði um rétt váttryggingartaka til að segja upp váttryggingarsamningi.

Ákvæðið er nr. 3-6 og er svohljóðandi:

„Forsikringstakeren kan i forsikringstiden si opp en løpende forsikring dersom forsikringsbehovet faller bort eller det foreligger andre særlige grunner, eller for flytting av forsikringen til et annet selskap.

Forsikringstakeren skal varsle selskapet med en frist på minst en måned. Ved flytting skal det i varslet opplyses om hvilket selskap forsikringen flyttes til og om tidspunktet for flyttingen.

Ved kollektiv forsikring kan bestemmelsen i første ledd fravikes i forsikringsavtalen.“

Í lauslegri þýðingu er ákvæðið svohljóðandi:

„Váttryggingartaki getur á váttryggingartímabili sagt upp váttryggingu sem er í gildi ef váttryggingarinnar er ekki lengur þörf eða vegna annarra sérstakra ástæðna, eða til að flytja váttryggingarnar til annars félags.

Váttryggingartaki skal tilkynna félaginu um uppsögn með mánaðar fyrirvara. Upplýsa skal til hvaða váttryggingafélags er flutt og frá hvaða tíma.

Ákvæðum 1. mgr. má víkja til hliðar í váttryggingarsamningum sem gilda um hóp váttryggingar.“

Með lögum nr. 29/2005 var sett inn meginregla um sjálfkrafa framlengingu váttryggingarsamninga en bæði váttryggingartaki og váttryggingafélagið hafa rétt til þess að segja upp samningi á gildistíma hans. Einnig eru ákvæði um uppgjör iðgjalda vegna uppsagna á samningstímabili þ.á.m. að váttryggingartaki skuli fá endurgreidd ofgreidd iðgjöld. Þá eru ákvæði um upplýsingaskyldu váttryggingafélags m.a. um takmarkanir váttrygginga sem váttryggingartaka ætti að vera kunnugt um.

Heimild til uppsagnar vegna flutnings til annars váttryggingafélags

Í norska frumvarpinu kemur fram að rökin fyrir því að heimila uppsögn vegna flutnings váttryggingar til annars váttryggingafélags sé að uppsögnin styrki réttarstöðu váttryggingartaka og hafi í för með sér aukna samkeppni á váttryggingamarkaði sem leiði frekar til lækkunar iðgjalda. Fram kemur að nauðsynlegt sé talið að auka hreyfanleika og samkeppni á markaðnum og þótt erfitt geti verið að meta áhrif frumvarpsins á samkeppni á váttryggingamarkaði sé það metið þannig að ákvæði sem heimili flutning milli váttryggingafélaga á samningstímabili muni hafa jákvæð áhrif á samkeppni. Meginástæður þess að ákvæði um hreyfanleika váttryggingartaka voru sett í lögin í Noregi eru því neytendavernd og samkeppnissjónarmið.

Helstu ókostir þess að auka hreyfanleika viðskiptavina váttryggingafélaga eru í frumvarpinu taldir vera að váttryggingartaki geti verið lokkaður yfir í nýtt félag með tilboði um lægri váttryggingar án þess að það veiti honum í raun betri rétt þar sem m.a. geti verið munur á váttryggingarvernd fyrra félags og þess nýja. Það geti verið erfitt fyrir váttryggingartaka að átta sig á því hvað váttryggingarsamningur feli í sér og einnig geti verið munur á framkvæmd váttryggingafélaga þótt skilmálar sé líkir. Bent er á að aukin samkeppni sem leiði til lækkunar iðgjalda snúist oft eingöngu um fjárhæðir. Það geti leitt til þess að váttryggingartaki flytji

vátryggingar á milli vátryggingafélaga til að spara pening án þess að vera meðvitaður um að það geti verið munur á skilmálum fráfarandi vátryggingu og þeirri vátryggingu sem býðst hjá nýju félagi. Þá geti verið hætt á því að vátryggingafélögin setji nýjar ábyrgðartakmarkanir í skilmála til að anna eftirspurn markaðarins um lágt iðgjald og slíkt sé ekki til hagsbóta fyrir vátryggingartaka. Til að koma í veg fyrir óheillavænlega þróun í verðlagi vátrygginga vegna samkeppni er ákvæði í lögunum um að nýja félagið skuli upplýsa vátryggingartaka ef vátrygging takmarkast umfram það sem vátryggingartaki getur vænst.

Í greinargerðinni með lögunum kemur fram að vátryggingarsamningar séu afmarkaðir við tíma. Það þýði að vátryggingartaki geri samning til ákveðins tíma við vátryggingafélag. Hann greiði fyrir vátrygginguna fyrirfram og fái þannig hagkvæmari vátryggingu. Því sé það ekki endilega eðlilegt að vátryggingartaki hafi viðtækan rétt til uppsagnar vegna gildandi vátryggingar. Þörfin fyrir samkeppni vegi þó þungt í þessu tilliti og möguleiki til að segja upp vátryggingu hafi þýðingu fyrir stöðu vátryggingartaka gagnvart vátryggingafélagi. Verði vátryggingartaki t.d. óánægður með þjónustu vátryggingafélags án þess að tjón hafi orðið geti hann flutt viðskipti sín til annars félags.

Þegar þessi ákvæði komu inn í lögin árið 2005 var staðan þannig í Noregi að fáir vátryggingartakar skiptu um vátryggingafélag. Í reynd er það þannig að flestir sýna því áhuga að skipta um vátryggingafélag þegar tilkynning um greiðslu iðgjalda fyrir nýtt vátryggingatímabil kemur. Í greinargerðinni kom fram að þótt lítið væri um að vátryggjendur skipti um vátryggingafélag væri talið að einungis sá möguleiki að hægt sé að flytja vátryggingar á milli félaga geti aukið samkeppni á vátryggingamarkaði. Þá var talið að kostnaður við flutning vátrygginga milli vátryggingafélaga væri ekki talin svo verulegur að hann ætti að hafa áhrif á heimild til uppsagnar.

Uppgjör við flutning

Í norsku lögunum er tiltekið hvernig uppgjóri skuli hagað þegar samningi um vátryggingu er sagt upp.

Vátryggingartaki skal fá endurgreidd iðgjöld vegna þess tíma sem eftir er af upphaflegum samningstíma. Vátryggingarskilmálar skulu innihalda nánari reglur um útreikning á endurgreiðslu iðgjalda eða hafa tilvísun til slíkra reglna. Ef útreikningur á endurgreiðslu til vátryggingartaka á að taka tillit til sveiflna í áhættu sem endurspeglast í iðgjaldagreiðslum er heimilt að hafa það í skilmálum. Séu ekki reglur um útreikning á endurgreiðslu skal endurgreiðslan hlutfallsreiknuð. Áhættusveifluuppgjör þarf að vera ítarlegra en hlutfallsuppgjör og því þurfa reglur um það aðeins að vera í skilmálum ef iðgjöld vegna áhættusveiflna reiknast ójafnt á gildistíma vátryggingarinnar.

Kostnaður við flutning

Sett var ákvæði inn í norsku lögin um að ekki skuli greiða þóknun til vátryggingafélags þótt vátryggingu sé sagt upp á vátryggingartíma.

Ákvæðið var sett inn því talin var hætt á að kostnaður við flutning vátrygginga yrði settur inn sem hluti af iðgjaldi sem myndi við það hækka og bitna þannig á öllum vátryggingartökum, líka þeim sem eru tryggir viðskiptavinir vátryggingafélags. Mögulegt hefði verið að leggja á þóknun við flutning en í frumvarpinu kemur fram að talið er að í framkvæmd megi gera ráð fyrir að slík þóknun myndi leiða til þess að beðið yrði með að skipta um vátryggingafélag þar til gildistíma vátryggingar lyki eða vátryggingartaki myndi vera tvítryggður ef tvær vátryggingar væri í gildi. Sveigjanleiki vátryggingartaka og möguleikar til þess að skipta um

vátryggingafélag voru því látnar veða þyngra en greiðsla þóknunar þar sem það er sterkari forsenda fyrir skilvirkum markaði.

Í frumvarpinu kemur fram það sjónarmið að það geti verið sanngjarnt að allir viðskiptavinir beri kostnað óháð því hvort þeir flytji vátryggingu eða ekki þar sem einungis sá möguleiki að heimilt sé að segja upp vátryggingu ætti að leiða til lækkunar iðgjalds og er þannig til hagsbóta fyrir alla viðskiptavini. Ef þóknun yrði greidd vegna umsýslu vátryggingafélaga við flutninga vátrygginga hefði það þó í för með sér aukin kostnað félaganna svo það kæmi á sama stað niður. Ef engin er þóknunin er minni umsýsla sem leiðir til lægri kostnaðar. Þá segir í frumvarpinu að hætta sé á því að margir viðskiptavinir myndu líta svo á að þóknun vegna uppsagnar væri í raun að læsa þá inni í vátryggingarsamningi.

Dönsku lögin

Í 57. gr. dönsku laganna um fjármálafyrirtæki nr. 948/2013 er fjallað er um hreyfanleika viðskiptavina vátryggingafélaga. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Et forsikringsselskab, der udbyder forbrugerforsikringer, skal tilbyde, at de pågældende forsikringer kan tegnes med vilkår om, at forsikringen kan opsiges af forsikringstageren med et varsel på 30 dage til udgangen af en kalendermåned.

Ved en forbrugerforsikring i stk. 1 forstås en forsikringsaftale, hvor forsikringstageren (forbrugeren) ved aftalens indgåelse hovedsagelig handler uden for sit erhverv.

Stk. 1 gælder ikke for livsforsikring og ejerskifteforsikring tegnet i henhold til lov om forbrugerbeskyttelse ved erhvervelse af fast ejendom m.v. Stk. 1 gælder endvidere ikke for forsikring, som dækker en særligt opstået risiko, der kun strækker sig over et begrænset tidsrum, når forsikringsaftalen indgås for en aftalt periode af højst 1 måned (korttidsforsikring), medmindre forsikringen er en del af en anden type forsikring.“

Lausleg þýðing er:

Vátryggingafélag sem veitir neytendatryggingar verður að hafa í skilmálum að tryggingartaki geti sagt tryggingunni upp með 30 daga fyrirvara til loka almanaksmánaðar.

Með neytendatryggingu í 1. mgr. er átt við vátryggingarsamning um það sem vátryggingartaki (neytandi) gerir utan starfs síns.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um líftryggingar og eignaskiptatryggingar sem eru teknar samkvæmt neytendaverndarlögum vegna kaupa á fasteign o.s.frv. Ákvæðið skal heldur ekki ná til vátryggingar sem tekur til sérstakrar áhættu sem nær yfir tiltekinn tíma, mesta lagi einn mánuð, nema vátryggingin sé hluti af annarri tryggingu.

Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að því hafi verið velt upp hvort setja ætti í lög heimild fyrir vátryggingartaka til að segja upp vátryggingu á vátryggingartíma með stuttum fyrirvara. Rökin með því eru að það geti stuðlað að auknum hreyfanleika á vátryggingamarkaði sem sé til hagsbóta fyrir vátryggingartaka og samfélagið í heild. Einnig var það talið mikilvægt bæði með hagsmuni vátryggingartaka í huga og þess að það væri jákvætt fyrir samkeppni á vátryggingamarkaði að vátryggingartakar fengju möguleika á því að segja upp vátryggingu með mun styttri uppsagnarfresti en var í gildandi lögum. Með ákvæðinu eins og það var lögfest fá vátryggingartakar neytendatrygginga möguleika á því að velja vátryggingar sem hafa styttri uppsagnarfrest ef þeir kjósa það.

Þessi möguleiki býður upp á meira val fyrir vátryggingartaka því með heimildinni getur hann valið vátryggingu með skilmálum sem hafa lengri uppsagnarfrest og er þá væntanlega ódýrari. Vátryggingartaki sem þess óskar hefur þá það val að taka vátryggingu með styttri uppsagnarfresti en 30 dögum. Þannig munu vátryggjendur geta boðið vátryggingu með

mismunandi skilmálum um uppsagnarfyrirvara váttryggingarinnar og þá væntanlega mismunandi verð á iðgjöldum.

Heimilt er að hafa í skilmálum ákvæði um kostnað vegna uppsagnar á samningstíma.

Danska ákvæðið tekur til neytendatrygginga sem eru m.a. heimilstryggingar, bifreiðatryggingar, húseigendatryggingar, ábyrgðartryggingar og slysatryggingar. Ákvæðið tekur ekki til fyrirtækjatrygginga né eignaskiptatrygginga vegna sölu fasteigna. Þær váttryggingar gilda almennt í 5 ár og iðgjald er greitt með eingreiðslu í upphafi. Þá nær ákvæðið ekki til slysatrygginga sem eru hluti af líftryggingum né styttri ferðatrygginga.

Fyrirspurn til Samtaka fjármálafyrirtækja á Norðurlöndunum

Um miðjan mars 2014 sendu Samtök Fjármálafyrirtækja fyrirspurn til hliðstæðra samtaka á hinum Norðurlöndunum sem var eftirfarandi:

1. Hvernig eru lögin varðandi möguleika á því að skipta um váttryggingafélag?
2. Hvenær voru lögin sett?
3. Hvernig voru lögin áður en núverandi lög voru sett?
4. Hvaða áhrif hafði breytingin á tryggingamarkaðinn?
 - a. Jókst hreyfanleiki á markaðnum?
 - b. Voru váttryggingafélögin sammála breytingunni?
5. Gilda sömu reglur um váttryggingartaka sem taka einkatryggingu og þá sem eru með viðskiptatryggingar?
6. Er eitthvað sem tryggingamarkaðurinn myndi vilja hafa öðruvísi en er í dag varðandi hreyfanleika viðskiptavina?
7. Er eitthvað annað sem er vert að vita í sambandi við hreyfanleika viðskiptavina á markaðnum?

Tekið var fram að á Íslandi væri það oft þannig að þegar viðskiptavinur hefði ákveðið að flytja váttryggingar sínar frá einu váttryggingafélagi til annars færi núverandi váttryggingafélag yfir váttryggingarpakka viðkomandi og hefði samband við hann með tilboði um betri samning. Það leiði oft til þess að uppsögn váttryggingarsamnings sé afturkölluð og váttryggingartaki sé áfram hjá fyrra félagi.

Eftirfarandi svör bárust samtökunum:

Svíþjóð:

Almenna reglan er sú að váttryggingarsamningur gildir í eitt ár og hefur sú regla verið í gildi í mörg ár. Breytingar voru skoðaðar þegar ný váttryggingarsamningalög voru sett árið 2005. Í frumvarpi til þeirra laga kom fram að það væri nóg að möguleiki væri til staðar að segja upp váttryggingarsamningi einu sinni á ári nema ekki væri lengur þörf fyrir váttrygginguna eða að váttryggingafélagið hefði ekki uppfyllt skyldur sínar. Þessi regla gildir fyrir alla váttryggingartaka.

Váttryggingafélög hafa verið sátt með þessa framkvæmd. Á síðasta ári kom upp sú hugmynd meðal ákveðinna váttryggingamiðlara að unnt ætti að vera að skipta um váttryggingafélag þótt samið væri um váttryggingarsamning til árs. Nokkrir þingmenn hafa lagt fram frumvarp þess efnis. Samtökin telja ekki vera meirihluta fyrir því að breyta lögunum í þessa átt þar sem þau telja að það myndi eingöngu vera til hagsbóta fyrir váttryggingamiðlarana.

Í Svíþjóð þekktist að váttryggingartakar fengu nýtt tilboð í váttryggingar frá váttryggingafélagi sínu þegar þeir tilkynntu um flutning til annars váttryggingafélag. Samkvæmt váttryggingarsamningalögunum í Svíþjóð þarf fyrri félagið að samþykkja flutning váttryggingartaka og nýjan samning.

Finnland:

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 543/1994, um váttryggingarsamninga, hefur váttryggingartaki rétt til að segja upp váttryggingarsamningi hvenær sem er á samningstíma. Lögin tóku gildi 1995. Fyrir gildistöku laganna var hægt að skipta um váttryggingafélag einu sinni á ári, í byrjun váttryggingartímabils með 30 daga fyrirvara áður en nýtt váttryggingartímabil hófst. Ofangreind breyting á lögunum hefur haft óveruleg áhrif og váttryggingamarkaðurinn var hliðhollur breytingunum.

Sömu lög gilda fyrir einkatryggingar og viðskiptatryggingar en það er heimilt að víkja frá ákvæðum laganna vegna viðskiptatrygginga og semja um önnur skilyrði þar. Stærri fyrirtæki geta almennt sagt upp váttryggingum einu sinni á ári.

Möguleiki er á því að viðskiptavinur geti fengið betri kjör hjá gamla váttryggingafélaginu þegar hann segir upp váttryggingu en váttryggingafélög reyna yfirleitt ekki að halda í viðskiptavini sem segja upp váttryggingum. Slíkt getur þó komið til, t.d. ef viðskiptavinur er mikilvægur.

Danmörk:

Möguleiki á hreyfanleika váttryggingartaka fer eftir samningum. Neytendur geta sagt upp váttryggingarsamningi fyrir lok almanaksmánaðar með 30 daga fyrirvara. Slík uppsögn er þó aðeins möguleg ef samið hefur verið um hana. Váttryggingafélag verður að bjóða upp á 30 daga uppsagnarfrest en váttryggingartaki hefur einnig val um að hafa engan uppsagnarfrest eða lengri uppsagnarfrest. Engar reglur eru um hreyfanleika vegna viðskiptatrygginga. Lögin tóku gildi 1. júlí 2004. Áður gildi váttryggingarsamningur í eitt ár eins og á Íslandi.

Váttryggingafélögin bjuggust við örari breytingum í viðskiptahópnum en í reynd hefur lagabreytingin ekki breytt miklu fyrir félögin. Hreyfanleiki viðskiptavina hefur þó aukist. Váttryggingafélögin telja lögin sanngjörn. Í framkvæmd býður ekkert váttryggingafélag upp á skilmála með engum eða lengri uppsagnarfresti þótt það sé ekki bannað.

Mikilvægast er að koma á skilvirku kerfi fyrir uppsagnir milli nýja og gamla félagsins. Í Danmörku nota öll félögin sama upplýsingakerfið til að taka við formlegum tilkynningum í uppsagnarferlinu og það auðveldar færslu viðskiptavinar á milli félaga og ábyrgð félaganna vegna færslunnar.

Almennt hefur váttryggingafélag í Danmörku ekki samband við viðskiptavin sem hyggst flytja viðskipti sín og nýja félagið sér um það ferli að skipta um félag og segja upp fyrri váttryggingu fyrir váttryggingartaka. Engar reglur eru til um þetta.

Skorkort neytendamála ársins 2012

Á vegum framkvæmdastjórnar ESB er gert skorkort neytendamála til að kanna stöðuna á innri markaði Evrópusambandsins út frá sjónarhóli neytenda. Niðurstöður eru meðal annars fengnar með skoðanakönnun hjá neytendum og fyrirtækjum og spurt er út í ýmsa markaði þ.m.t. fasteigna- og bifreiðatryggingar og reynslu neytenda af þeim.

Í viðauka við þessa skýrslu eru niðurstöður Skorkorts ársins 2012 varðandi hreyfanleika neytenda þegar kemur að váttryggingum. Um helmingur neytenda á Íslandi telur auðvelt að skipta um váttryggingafélag hvort sem um er að ræða fasteigna- eða bifreiðatryggingar sem er mun lægra hlutfall en á hinum Norðurlöndunum hvort sem um er að ræða lönd sem kveða á um skemmri uppsagnarfrest í lögum eða ekki. Í Noregi telja rúmlega 70% neytenda auðvelt að skipta um váttryggingafélag og í Svíþjóð er hlutfallið tæp 65%. Í Svíþjóð gilda sambærilegar lagareglur um uppsagnarfrest eins og á Íslandi.

Þegar skoðaðar eru niðurstöður þess hvort neytendur hafi skipt um váttryggingafélag á tímabilinu sker Íslands sig ekki jafn mikið úr. Íslenskir neytendur skipta álíka oft um váttryggingafélag og neytendur á Norðurlöndunum almennt þrátt fyrir að þeir telji það erfiðara. Athyglisvert er að neytendur í Noregi, sem telja mun auðveldara en íslenskir neytendur að skipta um váttryggingafélag, skipta þrátt fyrir það ekki oftar um félag. Sænskir neytendur skipta sjaldnar um váttryggingafélag en íslenskir en eins og áður sagði gilda sömu reglur þar um uppsagnarfrest og hér. Á Íslandi eru sömu niðurstöður varðandi fasteigna- og bifreiðatryggingar en í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku skipta neytendur oftar um bifreiðatryggingar en fasteignatryggingar.

Af þessu má ráða að binditími váttrygginga í lögum virðist ekki hafa úrslitaáhrif á það hvort neytendur skipta um váttryggingafélag.

Forsendur og niðurstaða starfshóps

Íslensku lögin eru í takt við meginreglu norsku laganna um sjálfkrafa endurnýjun váttryggingarsamninga. Váttryggingartaki getur sagt upp váttryggingarsamningi þegar samningstímabilið rennur út ef hann tilkynnir váttryggingafélaginu um það innan mánaðar frá því að hann fær tilkynningu um endurnýjun. Váttryggingartaki getur því aðeins sagt upp váttryggingu á váttryggingartíma ef þörfin fyrir váttrygginguna fellur brott eða vegna annarra sérstakra ástæðna.

Helstu rökin fyrir því að ákvæðum um uppsögn váttryggingarsamninga var breytt í Noregi og Danmörku voru samkeppnissjónarmið og neytendavernd.

Það eru ýmis atriði sem stuðla að virkri samkeppni á váttryggingamarkaði. Það hversu auðvelt er fyrir váttryggingartaka að skipta um váttryggingafélag á váttryggingartíma er eitt af þeim atriðum. Þetta skiptir sérstaklega máli þegar váttryggingartímabilið er langt. Markaðssetning váttryggingafélaga og verðvitund váttryggingartaka skipta einnig máli varðandi samkeppni á váttryggingamarkaði. Það er því unnt að stuðla að virkri samkeppni með því að auðvelda váttryggingartaka að skipta um váttryggingafélag. Slík samkeppni ætti að leiða til þess að verð á váttryggingum verði hagstæðara.

Það er mat starfshópsins að rétt sé að leggja til að lögum verði breytt til að stuðla að auknum hreyfanleika á íslenskum váttryggingamarkaði. Hópurinn gerir þó ekki ráð fyrir því að lagabreytingarnar muni hafa í för með sér verulegar breytingar á hreyfingum viðskiptavina milli félaga. Byggir sú afstaða m.a. á reynslu hinna Norðurlandanna af sambærilegum

breytingum. Einnig byggir það á því að kannanir hafa sýnt, sbr. það sem framan er ritað um skorkort neytendamála, að raunverulegar hreyfingar hér á landi eru nú þegar sambærilegar á við það sem almennt tíðkast erlendis.

Þau rök sem hafa komið fram gegn því að kveða á um í lögum að unnt sé að segja upp váttryggingu á váttryggingartímabili eru m.a. að í sumum tilvikum er áhættan sveiflukennd á váttryggingartímabilinu og það hafi áhrif ef váttryggingu er sagt upp. Þetta getur t.d. átt við um váttryggingar fyrir mótorhjól og skemmtibáta þar sem aðaláhættutímabilið er um mitt ár. Eftir sem áður munu váttryggingafélög þó hafa möguleika á að eiga við slík tilfelli auk þess sem lagabreytingatillaga starfshópsins tekur sérstaklega á slíkum aðstæðum.

Bent hefur verið á að iðgjöld gætu hækkað vegna kostnaðar váttryggingafélaganna við umsýslu vegna uppsagna en ef iðgjöld eru hækkuð vegna heimildar til uppsagnar á váttryggingartíma bitnar sú hækkun á öllum váttryggingartökum en ekki eingöngu þeim sem nýta sér heimild til uppsagnar. Raunin varð sú í Noregi og Danmörku að iðgjöld hækkuðu ekki þegar lögin voru sett og í norsku lögunum er ákvæði um að váttryggingafélag megi ekki taka gjald vegna kostnaðar sem leiðir af því að váttryggingu er sagt upp á váttryggingartíma. Fram hefur komið að ef gjald leggst á váttryggingartaka vegna uppsagnar á váttryggingartíma þá leiði það til umsýslu sem hafi enn frekari kostnað í för með sér.

Starfshópurinn telur öll rök hníga að því að iðgjöld eigi ekki að hækka þrátt fyrir að heimild til að segja upp váttryggingu vegna flutnings þeirra til annars félags.

Norsku lögin eru ítarleg um uppsagnarákvæðin og innihalda m.a. ákvæði um sjálfvirka endurnýjun, tilkynningu til váttryggingartaka um endurnýjum, tilkynningu váttryggingafélags ef endurnýjun á ekki að vera sjálfkrafa, rétt váttryggingartaka til að segja upp váttryggingu, rétt váttryggingafélags til að segja upp váttryggingu og uppgjör vegna uppsagnar váttryggingarsamnings.

Íslensku lögin hafa nú þegar mörg af þessum ákvæðum, meðal annars er þar meginreglan um að samningar endurnýist sjálfkrafa og eins er þar ákvæði um uppgjör.

Starfshópurinn lítur svo á að það ætti að leiða til aukinnar samkeppni á váttryggingamarkaði ef hægt er að segja upp váttryggingu á váttryggingartíma. Slík samkeppni er í hag neytenda og hefur þýðingu fyrir réttarstöðu einstakra váttryggingartaka gagnvart váttryggingafélagi. Þá getur það verið váttryggingafélagi í hag og auðveldað því að markaðssetja váttryggingar ef viðkomandi váttryggingartaki getur skipt fljótlega um váttryggingafélag en þurfi ekki að bíða allt að ári eftir því að skipta um félag.

Þá telur starfshópurinn að heimild til uppsagnar eigi að gera eins einfalda og hægt er fyrir váttryggingartaka. Til að svo megi vera og með hliðsjón af þeim rökum sem fram koma í norska frumvarpinu um að ekki megi taka gjald vegna uppsagnar leggur starfshópurinn einnig til að váttryggingafélögum verði óheimilt að taka gjald vegna kostnaðar sem getur leitt af uppsögn

Starfshópnum þykir einnig rétt að bæta við ákvæðið um uppgjör heimild til að gera eftir á gert uppgjör vegna sveiflna í áhættu líkt og er í norsku lögunum. Þá bendir starfshópurinn á að huga þarf að því að váttryggingafélög þurfa aðlögunartíma verði frumvarp lagt fram þar sem tillögur starfshópsins fela í sér breytingar sem geta haft í för með sér kerfis- og verklagsbreytingar hjá váttryggingafélögunum.

Forsendur fyrir endurtryggingum váttryggingafélaga gætu breyst verði breyting á uppsagnarákvæði váttryggingarsamningalaganna þar sem fleiri óvissuþættir munu verða til staðar. Slíkt gæti verið áhyggjuefni ef breytingarnar leiða til verulegra hreyfinga á viðskiptavinum váttryggingafélaga en það er mat starfshópsins að ekki sé líklegt að svo verði, sbr. það sem fram kemur hér að framan um ætluð áhrif breytingatillagna. Almennt eru endurtryggingasamningar þannig úr garði gerðir að gert er ráð fyrir einhverri sveiflu á áætluðum iðgjöldum ársins og telur starfshópurinn að áhrif lagabreytinganna rúmist vel innan þess svigrúms. Miklar sveiflur í stærri fyrirtækjaviðskiptum gætu haft áhrif á endurtryggingasamninga en rétt er að horfa til þess að váttryggingarfélög geta samið svo um að aðrar uppsagnareglur gildi um fyrirtækjatrýggingar, sbr. það sem fram kemur hér að neðan.

Íslenska ákvæðið nær til allra váttryggingarsamninga skv. lögum nr. 30/2004 nema heimilt sé að víkja frá þeim skv. 2. mgr. 3. gr. laganna en það á við þegar váttrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og einhverju af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- a. umfang rekstraraðilans við gerð váttryggingarsamnings eða við endurnýjun hans samsvarar fleiri en fimm ársverkum,*
- b. starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis,*
- c. váttrygging er tekin vegna skráðs loftfars,*
- d. váttryggðar eru vörur í flutningi á milli landa.*

Norska ákvæðið er sambærilegt en skilyrðin þar eru viðtækari til að víkja megi frá ákvæðum laganna um váttryggingarsamninga vegna atvinnurekstrar. Skilyrðin eru m.a. að atvinnurekstur þarf að hafa meira en 250 starfsmenn, hafa minnst 100.000.000 n.kr. veltu og minnst 50.000.000 n.kr. í eignum. Þá má einnig víkja frá þessum ákvæðum ef starfsemi fer að mestu fram erlendis, ef skráð skip eru váttryggð skv. sjólögum, ef loftför eru váttryggð og ef vörur eru váttryggðar í flutningi á milli landa.

Váttryggingafélögum eru heimilt að semja sig undan uppsagnarákvæðinu séu skilyrði 2. mgr. 3. gr. laganna uppfyllt og uppsögn váttrygginga á samningstímabili vegna atvinnurekstrar geta því fallið utan ákvæðisins.

Með hliðsjón af framangreindu eru eftirfarandi breytingar lagðar til á lögum nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga:

14. gr. verði svohljóðandi:

14. gr.

Heimild váttryggingartaka til þess að segja upp váttryggingarsamningi.

Váttryggingartaki getur á váttryggingartíma sagt upp váttryggingarsamningi sem endurnýjast sjálfkrafa ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna, fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn eða til að flytja váttrygginguna til annars félags.

Váttryggingartaki skal tilkynna félaginu um uppsögn með 30 daga fyrirvara og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Upplýsa skal til hvaða váttryggingafélags er flutt og frá hvaða tíma.

Sé um hóp váttryggingu að ræða er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. í váttryggingarsamningi.

17. gr. verði svohljóðandi:

17. gr.

Uppgjör þegar váttryggingarsamningi er slitið á váttryggingartímabili.

Nú er váttryggingarsamningi slitið á váttryggingartímabilinu og skal váttryggingartaki þá fá endurgreitt iðgjald fyrir þann tíma sem hann hefur greitt og váttryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þótt félagið sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta. Í skilmálum váttryggingarinnar skulu vera reglur um útreikning iðgjalds fyrir slík tilvik eða vísað til slíkra reglna.

Sé áhætta misjöfn á samningstímabili váttryggingar, og tekið er tillit til slíks við ákvörðun iðgjalds, má setja í skilmála að við útreikning á endurgreiðslu iðgjalds til váttryggingartaka skuli taka tillit til slíkra áhættusveiflna.

Váttryggingafélag má ekki taka gjald vegna kostnaðar þess við það að váttryggingu er sagt upp á samningstímabili.

Reykjavík, 12. ágúst 2014


Sóley Ragnarsdóttir, formaður


Þórunn Anna Árnadóttir


Sigurður Óli Kolbeinsson



Part II

Market

MPI score

Home insurance

MPIs

2010

2011


2012

MPI on country level

Market

Ease of switching

On a scale from 0 to 10, how difficult or easy do you think it is to switch supplier?





Part II

Market

MPI score

Home Insurance

MPIs

2010

2011


2012

MPI on country level

Market

Actual switching

Have you switched tariff plan or supplier in the past period?




MPI on country level

Market

Ease of switching

On a scale from 0 to 10, how difficult or easy do you think it is to switch supplier?



* Please note that the wording of the market definition is slightly different between 2010 and 2011, 2012.



Part II

Market

MPI score

Vehicle insurance *

MPIs

2010

2011


2012

MPI on country level

Market

Actual switching

Have you switched tariff plan or supplier in the past period?



* Please note that the wording of the market definition is slightly different between 2010 and 2011, 2012